

Fundargerð ræktunarstjórnar 20. september 2016

Mættir eru: Heiðar J. Sveinsson, Þórhallur Atlason, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Jens Magnús Jakobsson og Sigrún Guðlaugardóttir.

- 1) Fundur settur og farið yfir síðustu fundargerð.
- 2) Félagsfundur hefur verið settur á 22. september, stjórn fór yfir grunnskiplag fundar og var sammála um framkvæmd og dagskráratriði eins og þau hafa verið kynnt.
- 3) Staða á skráningu í veiðipróf 2016: Það er líklega ekki neitt eitt sem veldur niðursveiflu í ár, þó er ljóst að enn eru tveggja daga prófin með erlendum dómara að fá fína aðsókn og eins tveggja daga prófið í Eyjafirðinum. Samþykkt að halda sama dampi í prófum og metnaði. Vanda sig við að halda uppi standard í prófum, þar þurfa stjórn, veiðinefnd, prófstjórar og dómara að skerpa á sínum hlutum. Samþykkt að kalla saman fund með aðilum að loknu tímabili.
- 4) Dagskrá næsta árs fyrir veiðipróf er í meginatriðum komin niður og hægt að fara í að finna erlenda dómara. Ákveðið að fara að tillögu frá veiðinefnd og byrja að þreifa á þessum málum.
- 5) Margir koma að miklu og góðu starfi deildarinnar, mikilvægt er að sýna þakklæti til þeirra sem að koma, starfa á viðburðum, koma að skipulagningu, taka myndir fyrir okkur svo eitthvað sé nefnt.
- 6) Ákveðið að leita til sýningarnefndar með tillögu að sýningardómurum.

F.h. Ræktunarstjórnar,

HS